

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 35

við Stjórnartíðindi EB

2. árgangur

21.9.1995

	<b>I EES-STOFNANIR</b>	
	1. EES-ráðið	
	2. Sameiginlega EES-nefndin	
95/EES/35/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/95 frá 19. maí 1995 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.....	01
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. desember 1992 um beitingu á tilskipun ráðsins 72/166/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda váttryggingu gagnvart slíkri ábyrgð (93/43/EBE).....	02
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	<b>III EB-STOFNANIR</b>	
	1. Ráðið	
	2. Framkvæmdastjórnin	
95/EES/35/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.608 - Ericsson/Ascom).....	04
95/EES/35/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.640 - KNP/BT/Société Générale).....	05
95/EES/35/04	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.568 - EDF/Edison-ISE).....	05
95/EES/35/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.581 - Frantschach/Bischof + Klein).....	06
95/EES/35/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.617 - CLF/HBB).....	06

95/EES/34/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.618 - Cable and Wireless/Veba).....	06
95/EES/34/08	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/34.563-ECOMET.....	07
95/EES/34/09	Auglýsing til aðila í Evrópubandalaginu sem nota tímatakörkuð efni sem voru leyfð til nauðsynlegra nota í bandalaginu árið 1996 samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) 3093/94 um efni sem eyða ósonlaginu .....	07
95/EES/34/10	Auglýsing til aðila í Evrópusambandinu sem flytja inn tímatakörkuð efni sem eyða ósonlaginu, með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) 3093/94.....	07
95/EES/34/11	Auglýsing frá ríkisstjórn Breska konungsríkisins Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa fyrir leit og vinnslu vetniskolefna.....	07
95/EES/34/12	Auglýsing um svæði í Austurríki þar sem leyft er að leita og vinna vetniskolefni.....	08
95/EES/34/13	Auglýsing frá ríkisstjórn Lýðveldisins Írlands og ríkisstjórn Breska konungsríkisins varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa fyrir leit og vinnslu á vetniskolefnum.....	08
95/EES/34/14	Orðsending frá Hollandi frá 1. maí 1995 varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa fyrir leit og vinnslu vetniskolefna.....	08
95/EES/35/15	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar 89/106/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur, eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 93/68/EBE.....	09
95/EES/35/16	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma tilskipunar ráðsins 73/23/EBE frá 19. febrúar 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka.....	09
95/EES/35/17	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma tilskipunar ráðsins 76/117/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum.....	09
95/EES/35/18	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 28. 8. til 8. 9. 1995.....	10
95/EES/35/19	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	11
<b>3. Dómstóllinn</b>		
95/EES/35/20	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	12
95/EES/35/21	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	15

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

95/EES/35/01

nr. 24/95  
frá 19. maí 1995

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)  
við EES-samninginn

### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/94 frá 28. október 1994 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/43/EBE frá 21. desember 1992 um beitingu á tilskipun ráðsins 72/166/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda váttryggingu gagnvart slíkri ábyrgð<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 72/166/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„- 393 D 0043: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/43/EBE frá 21. desember 1992 (Stjtíð. EB nr. L 16, 25. 1. 1993, bls. 51).“.

#### 2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 93/43/EBE á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

#### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

#### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. maí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(<sup>1</sup>) Stjtíð. EB nr. L 325, 17. 12. 1994, bls. 71 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 50, 17. 12. 1994, bls. 63.

(<sup>2</sup>) Stjtíð. EB nr. L 16, 25. 1. 1993, bls. 51.

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 21. desember 1992

### um beitingu á tilskipun ráðsins 72/166/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda váttryggingu gagnvart slíkri ábyrgð (93/43/EBE)(\*)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda váttryggingu gagnvart slíkri ábyrgð<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/232/EBE<sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Um núverandi tengsl milli landsskrifstofa alþjóðlegra bifreiðatrygginga í aðildarríkjunum og í Austurríki, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Sviss, Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu, í skilningi 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE („landsskrifstofur“), sem sameiginlega kveða á um hagkvæmar leiðir til að fella niður tryggingaefirlit með ökutækjum sem alla jafna eru staðsett á yfirráðasvæðum þessara 19 landa, gilda eftirfarandi samningar, til viðbótar samræmda samningnum milli landsskrifstofa alþjóðlegra bifreiðatrygginga frá 2. nóvember 1951 varðandi fyrirkomulag á notkun græna skírteinisins, („viðbótarsamningar“) sem voru gerðir:

- hinn 12. desember 1973 milli landsskrifstofa hinna nýu aðildarríkja og landsskrifstofa Austurríkis, Finnlands, Noregs, Svíþjóðar og Sviss og aukið við þann samning 15. mars 1986 svo að hann tæki einnig til landsskrifstofanna í Portúgal og á Spáni og hinn 9. október 1987 til landsskrifstofunnar í Grikklandi,
- hinn 22. apríl 1974 milli hinna 14 upphaflegu undirritunaraðila að viðbótarsamningnum frá 12. desember 1973 og landsskrifstofunnar í Ungverjalandi,

- hinn 22. apríl 1974 milli hinna 14 upphaflegu undirritunaraðila að viðbótarsamningnum frá 12. desember 1973 og landsskrifstofunnar í Tékkóslóvakíu,

- hinn 14. mars 1986 milli landsskrifstofunnar í Grikklandi og landsskrifstofanna í Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi.

Framkvæmdastjórnin samþykkti þar næst ákvarðanir 74/166/EBE<sup>(3)</sup>, 74/167/EBE<sup>(4)</sup>, 75/23/EBE<sup>(5)</sup>, 86/218/EBE<sup>(6)</sup>, 86/219/EBE<sup>(7)</sup>, 86/220/EBE<sup>(8)</sup>, 88/367/EBE<sup>(9)</sup>, 88/368/EBE<sup>(10)</sup> og 88/369/EBE<sup>(11)</sup> um beitingu á tilskipun 72/166/EBE þar sem hverju aðildarríki er gert að hætta eftirliti með ábyrgðartryggingu ökutækja sem alla jafna eru staðsett á evrópsku yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða á yfirráðasvæðum Ungverjalands, Tékkóslóvakíu, Svíþjóðar, Finnlands, Noregs, Austurríkis og Sviss og sem viðbótarsamningarnir taka til.

Landsskrifstofurnar hafa endurskoðað og sameinað texta viðbótarsamninganna og látið einn samning koma í þeirra stað („marghliða ábyrgðarsamninginn“) sem var gerður hinn 15. mars 1991 í samræmi við meginreglurnar í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 72/166/EBE.

Framkvæmdastjórnin samþykkti þar næst ákvörðun 91/323/EBE<sup>(12)</sup> frá 30. maí 1991 um ógildingu viðbótarsamninganna þar sem aðildarríkjunum er gert að hætta eftirliti með ábyrgðartryggingum ökutækja sem eru alla jafna staðsett á evrópsku yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða á yfirráðasvæðum Ungverjalands, Tékkóslóvakíu, Svíþjóðar, Finnlands, Noregs, Austurríkis og Sviss sem voru sameinaðir í marghliða ábyrgðarsamningnum frá 1. júní 1991.

Ísland undirritaði marghliða ábyrgðarsamninginn 3. desember 1992.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 16, 25. 1. 1993, bls. 51, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 24/95 frá 19. maí 1995 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttö. EB nr. L 103, 2. 5. 1972, bls. 1.

(2) Stjttö. EB nr. L 129, 19. 5. 1990, bls. 35.

(3) Stjttö. EB nr. L 87, 30. 3. 1974, bls. 13.

(4) Stjttö. EB nr. L 87, 30. 3. 1974, bls. 14.

(5) Stjttö. EB nr. L 6, 10. 1. 1975, bls. 33.

(6) Stjttö. EB nr. L 153, 7. 6. 1986, bls. 52.

(7) Stjttö. EB nr. L 153, 7. 6. 1986, bls. 53.

(8) Stjttö. EB nr. L 153, 7. 6. 1986, bls. 54.

(9) Stjttö. EB nr. L 181, 12. 7. 1988, bls. 45.

(10) Stjttö. EB nr. L 181, 12. 7. 1988, bls. 46.

(11) Stjttö. EB nr. L 181, 12. 7. 1988, bls. 47.

(12) Stjttö. EB nr. L 177, 5. 7. 1991, bls. 25.

ÍSLÆNSK ÚTGÁFA

**SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:****1. gr.**

Frá og með 1. janúar 1993 skal hvert aðildarríki um sig hætta eftirliti með ábyrgðartryggingum ökutækja sem eru alla jafna staðsett á yfirráðasvæði Íslands og falla undir marghliða ábyrgðarsamninginn frá 15. mars 1991 milli landsskrifstofa alþjóðlegra bifreiðatrygginga.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir sem eru gerðar vegna beitingar þessarar ákvörðunar.

**3. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Leon BRITTAN**

varaforseti.

# ES-STORNAÐUR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.608 - Ericsson/Ascom)

95/EES/35/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. 9. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem fyrirtækin Telefonaktiebolaget LM Ericsson (publ) („Ericsson“) og Ascom Holding AG („Ascom“), undir yfirráðum Hasler Works Foundation, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir Ascom Tateco AB („Ascom Tateco“), sem myndar fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Ericsson: fjarskiptabúnaður; staðbundið kerfi fyrir þráðlausa persónuleitarþjónustu,
  - Ascom: fjarskiptabúnaður; staðbundinn búnaður fyrir þráðlausa persónuleitarþjónustu,
  - Ascom Tateco: staðbundinn búnaður fyrir þráðlausa persónuleitarþjónustu.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 241, 16. 9. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.608 - Ericsson/Ascom, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.640 - KNP/BT/Société Générale)****95/EES/35/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. 9. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem KNP BT og Société Générale öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni með hlutabréfatilfærslu.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - KNP BT: dreifing (grafíkpappír, upplýsingakerfi og skrifstofuvörur), umbúðir og pappír,
  - Société Générale: alhliða bankastarfsemi,
  - Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið: dreifing, viðhald, verkfræðistarfsemi og þjálfun á tölvumarkaðinum í tengslum við einkatölvur sem notaðar eru í atvinnuskyni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 239, 14. 9. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.640 - KNP/BT/Société Générale, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.568 - EDF/Edison-ISE)****95/EES/35/04**

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. 6. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu****95/EES/35/05****(Mál nr. IV/M.581 - Frantschach/Bischof + Klein)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. 9. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdust hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu****95/EES/35/06****(Mál nr. IV/M.617 - CLF/HBB)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. 8. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdust hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu****95/EES/35/07****(Mál nr. IV/M.618 - Cable and Wireless/Veba)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. 8. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdust hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

(<sup>1</sup>) Stjttð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.



**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins 95/EES/35/08  
nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/34.563-ECOMET**

Framkvæmdastjórninni barst þann 23. desember 1992 formleg tilkynning, samkvæmt 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, um ýmis drög að ráðstöfunum varðandi stofnun og starfsemi evrópsks samstarfsfyrirtækis samkvæmt belgískum lögum undir heitinu ECOMET (European Co-operation in Meteorology - evrópsk samvinna á sviði veðurfræði). Að tilkynningunni standa 16 innlendir veðurstofur einstakra ríkja í Evrópu (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 223, 29. 8. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur í hyggju að taka jákvæða afstöðu til tilkynnta ráðstafana og ákvarðana samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins. Áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að senda athugasemdir sínar innan eins mánuðar eftir birtingu þessarar auglýsingar, með tilvísun til IV/B-3/34.563 - ECOMET, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Directorate IV/B - Restrictive Practices, Abuse of Dominant Position  
and other Distortions of Competition I  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Auglýsing til aðila í Evrópubandalaginu sem nota tímatakmörkuð 95/EES/35/09  
efni sem voru leyfð til nauðsynlegra nota í bandalaginu árið 1996  
samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) 3093/94 um efni sem eyða ósonlaginu**

Framkvæmdastjórnin hefur birt auglýsingu til aðila í Evrópubandalaginu sem nota tímatakmörkuð efni sem voru leyfð til nauðsynlegra nota í bandalaginu árið 1996 samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) 3093/94 um efni sem eyða ósonlaginu í Stjttíð. EB nr. C 221, 26. 8. 1995 (sjá nánari útlistun í frammannefndum Stjttíð. EB).

**Auglýsing til aðila í Evrópusambandinu sem flytja inn 95/EES/35/10  
tímatakmörkuð efni sem eyða ósonlaginu, með hliðsjón af reglugerð  
ráðsins (EB) 3093/94**

Framkvæmdastjórnin hefur birt auglýsingu til aðila í Evrópusambandinu sem flytja inn tímatakmörkuð efni sem eyða ósonlaginu, með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) 3093/94 í Stjttíð. EB nr. C 226, 31. 8. 1995 (sjá nánari útlistun í frammannefndum Stjttíð. EB).

**Auglýsing frá ríkisstjórn Breska konungsríkisins 95/EES/35/11**

**Tilskipun Evrópubingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um  
skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa fyrir leit og vinnslu vetniskolefna**

Með tilvísun til 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa fyrir leit og vinnslu vetniskolefna<sup>(2)</sup>, auglýsir ríkisstjórn Breska konungsríkisins hér með eftir umsóknum um leyfi til að leita, bora eftir og vinna jarðolíu í Breska konungsríkinu. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út kl. 12:00 þann 21. nóvember 1995 (sjá nánari upplýsingar varðandi umsóknirnar í Stjttíð. EB nr. C 221, 26. 8. 1995).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. 13, 21. 12. 1962, bls. 204/62.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 3.

**Auglýsing um svæði í Austurríki þar sem leyft er að leita og vinna 95/EES/35/12  
vetniskolefni**

Með tilvísun til 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/22/EB tilkynnir efnahagsmálaráðherra í Lýðveldinu Austurríki hér með að allt yfirráðasvæði Lýðveldisins Austurríkis sé tiltækt til frambúðar í skilningi 3. mgr. 3. gr. sjá nánari upplýsingar í Stjtið. EB nr. C, 237, 12. 9. 1995.

**Auglýsing frá ríkisstjórn Lýðveldisins Írlands og ríkisstjórn 95/EES/35/13  
Breska konungsríkisins varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins  
94/22/EB frá 30 maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa  
fyrir leit og vinnslu á vetniskolefnum**

Lögbær yfirvöld samkvæmt 10. gr. tilskipunar 94/22/EB í Lýðveldinu Írlandi eru:

Minister for Transport, Energy and Communications  
Beggars Bush  
Haddington Road  
Dublin 4

í Breska konungsríkinu:

Fyrir öll svæði, bæði á grunnsævi og á landi, í Englandi, Wales og Skotlandi:  
Department of Trade and Industry  
1 Palace Street  
London SW1E 5HE

á svæðum á þurru landi í Norður-Írlandi:  
Northern Ireland Department of Economic Development  
Netherleigh  
Massey Avenue  
Belfast BT4 2JP

**Orðsending frá Hollandi frá 1. maí 1995 varðandi tilskipun 95/EES/35/14  
Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir  
veitingu og notkun leyfa fyrir leit og vinnslu vetniskolefna**

Í samræmi við 10. gr. tilskipunar 94/22 er lögbært yfirvald, hvað varðar löggjöf og veitingu leifa fyrir leit og vinnslu vetniskolefna, í Hollandi og á hollenska landgrunninu:

The Minister for Economic Affairs  
PO Box 20101  
2500EC The Hague

ÍSLÆNSK ÚTGAFA

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við 95/EES/35/15  
framkvæmd tilskipunar 89/106/EBE um samræmingu á lögum og  
stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur, eins og  
henni var breytt með tilskipun ráðsins 93/68/EBE**

Framkvæmdastjórnin hefur, innan ramma tilskipunar 89/106/EBE<sup>(1)</sup>, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur, eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 93/68/EBE<sup>(2)</sup>, birt heiti stofnana sem hafa leyfi til að gefa út evrópsk tæknisamþykki (sjá nánari útlistun í Stjútíð. EB nr. C 211, 15.8.1995)

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma tilskipunar 95/EES/35/16  
ráðsins 73/23/EBE frá 19. febrúar 1973 um samhæfingu laga  
aðildarríkjanna um rafföng sem notuð eru  
innan ákveðinna spennumarka**

Framkvæmdastjórnin hefur, innan ramma tilskipunar ráðsins 73/23/EBE frá 19. febrúar 1973 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka<sup>(3)</sup>, birt orðsendingu um skrá yfir aðila sem tilkynntir eru til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 11. gr. tilskipunarinnar (sjá nánari útlistun í Stjútíð EB nr. C 214, 18. 8. 1995).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma tilskipunar 95/EES/35/17  
ráðsins 76/117/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga  
aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum**

Framkvæmdastjórnin hefur, innan ramma tilskipunar ráðsins 76/117/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum<sup>(3)</sup>, birt orðsendingu um skrá yfir heimilisföng í tengslum við bréfaskiptin sem um getur í 1. mgr. 8. gr. og 2. og 5. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar (sjá nánari útlistun í Stjútíð EB nr. C 215, 19. 8. 1995).

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 28. 8. til 8. 9. 1995**

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Tiðill	Samþykkt af framkvæmda stjórninni	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu fjöldi þann
COM(95) 379	CB-CO-95-420-EN-C <sup>(1)</sup>	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samtengingar í fjarskiptum til að tryggja alhlíða þjónustu og rekstrarsamhæfni með því að beita meginreglum um frjálsan netaðgang	19.7.1995	31.8.1995	47
COM(95) 350	CB-CO-95-378-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir vegna mengandi lofttegunda og agna í útblæstri brunahreyfla sem á að setja í færnanlegar vélar sem notaðar eru utan vega	6.9.1995	7.9.1995	192
COM(95) 383	CB-CO-95-407-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins um framkvæmd reglugerðar 3577/92 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna -1993 til 1994	6.9.1995	7.9.1995	34
COM(95) 362	CB-CO-95-386-EN-C	Skýrsla um samræmingu aðgerða í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og á sviði handiðnaðar	8.9.1995	8.9.1995	44
COM(95) 409	CB-CO-95-450-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um Comett-áætlunina Skýrsla um starfsemina árið 1994	6.9.1995	8.9.1995	56
COM(95) 415	CB-CO-95-457-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um samræmingu laga aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna sem eru tengdir við þau (Samsteyptur texti með breytingum)	8.9.1995	8.9.1995	53
COM(95) 416	CB-CO-95-458-EN-C	Erasmus-áætlunin Ársskýrsla fyrir árið 1994	8.9.1995	8.9.1995	40

<sup>(1)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

95/EES/35/19

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtfð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtfð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun (*)	Títlill	Lök þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
95-0201-A	Fyrirmæli frá austurríska umhverfismálaráðherranum um takmörkun á eða bann við efnum eða efnablöndum sem eru takmarkaðar eða bannaðar innan Evrópubandalagsins	27.11.1995
95-0210-DK	Tæknilegar reglugerðir um skip sem eru þess virði að varðveita	26.10.1995
95-0211-A	Lög um breytingar á lögum Vínarborgar um bílageymslur (endurskoðuð lög frá 1995 um bílageymslur)	23.10.1995
95-0215-UK	Fyrirmynd að samningsskjali hvað verðar ræktun umhverfis, bindi 1 og 2 (Department of Transport, Highways Agency, tilvísun: EP 038-94-EC)	26.10.1995
95-0216-F	M 41-10 A: 3. bréfasímaflokkur	26.10.1995
95-0217-DK	Fyrirmæli um takmörkun á sölu og notkun pentaklórofenóls, (PCP)	3.11.1995
(3) (*)		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtfð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(1) Ár - skráningarnúmer - upprunaaðildarríki.

(2) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(3) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(4) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

# DÓMSTÓLLINN

## Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>

95/EES/35/20

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 1. júní 1995 í máli C-414/93 (beiðni um forúrskurð frá College van Beroep voor het Bedrijfsleven en Waterstaat): F.D. Teirlinck gegn Minister van Verkeer en Waterstaat (skipulagsumbætur á skipgengum vatnaleiðum - úreldingarbætur - tiltækt fjármagn - úreldingarsjóður - aðskildir reikningar - fjárhagsáætlun).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 1. júní 1995 í máli C-123/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi (frelsi launþega til flutninga - jöfn meðferð - ráðning erlendra ríkisborgara við einkarekna málaskóla).

Dómur dómstólsins frá 6. júní 1995 í máli C-434/93 (beiðni um forúrskurð frá Raad van State, Hollandi): Ahmet Bozkurt gegn Staatssecretaris van Justitie (samstarfssamningur milli EBE og Tyrklands - ákvörðun samstarfsráðsins - frelsi launþega til flutninga - millilandavöruflutningabílstjórar - varanleg vanhæfni til vinnu - réttur til landvistar).

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 15. júní 1995 í sameinuðum málum C-422/93, C-423/93 og C-424/93 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal Superior de Justicia de la Comunidad Autónoma del País Vasco (Spáni)): Teresa Zabala Erasun gegn Instituto Nacional de Empleo, Elvira Encabo Terrazos gegn Instituto Nacional de Empleo og Francisco Casquero Carrillo gegn Instituto Nacional de Empleo (beiðni um forúrskurð - skilyrði fyrir því að tilvísunardómstóllinn haldi beiðninni - lögsaga dómstólsins).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 15. júní 1995 í máli C-220/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg (vanefnd skildbindinga - tilskipun 92/44/EBE - fjarskipti - frjáls aðgangur að netum fyrir leigulíður).

Dómur dómstólsins frá 29. júní 1995 í máli C-391/92: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi (frjálsir vöruflutningar - unnin mjólk fyrir ungbörn - sala bundin við apótek).

Dómur dómstólsins frá 29. júní 1995 í máli C-135/93: Konungsríkið Spánn gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (krafa um ógildingu - lög samþykkt á grundvelli 1. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans - útvíkkun - dómhæfi).

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 29. júní 1995 í máli C-437/93 (beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof): Hauptzollamt Heilbronn gegn Temic Telefunken Microelectronic GmbH (tollundanþáguákvæði vegna vinnslu innanlands - framkvæmd undanþáguákvæðisins með því að nota vinnslukerfið undir tollefirtiliti - magntakmarkanir).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 29. júní 1995 í máli C-454/93 (beiðni um forúrskurð frá Arbeidshof, Brussel): Rijksdienst voor Arbeidsvoorziening gegn Joop van Gestel (almannatryggingar fyrir farandlaunþega - tilnefning lögbærs ríkis samkvæmt 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 - búseta og atvinna í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu - úthlutun atvinnuleysisbóta samkvæmt ii-lið b-liðar 1. mgr. 71. gr.).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 29. júní 1995 í máli C-456/93 (beiðni um forúrskurð frá Oberlandesgericht Frankfurt am Main): Zentrale zur Bekämpfung unlauteren Wettbewerbs e.V. gegn Privatkellerei Franz Wilhelm Langguth Erben GmbH & Co. KG (lýsing á vínnum - orðin „Kabinett“, „Spätlese“, „Auslese“ og „Weissherbst“ endurtekin á merkimiðanum þannig að þau mynda hluta af vörumerkinu).

(<sup>1</sup>) Sjá Stjórn. EB nr. C 229, 2. 9. 1995.

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 29. júní 1995 í máli C-56/94 (beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Piacenza): SCAC Srl gegn Associazione dei Produttori Ortofrutticoli (ASIPO) (sameiginleg markaðsskipulagning - unnar tómatvörur - takmörkun á veitingu framleiðsluástoðar - ákvörðun kvóta - gildi reglugerðar (EBE) nr. 668/93).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 29. júní 1995 í sameinuðum málum C-109/94, C-207/94 og C-225/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - tilskipanir 90/618/EBE, 88/357/EBE og 90/619/EBE - tilskipanir ekki teknar upp í landslög - tryggingar).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 29. júní 1995 í máli C-135/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu (vanefnd skuldbindinga - tilskipun 89/618/KBE - dómhæfi).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 29. júní 1995 í máli C-170/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - tilskipanir 90/219/EBE og 90/220/EBE ekki teknar upp í landslög - erfðabreyttar lífverur).

Dómur dómstólsins frá 5. júlí 1995 í máli C-21/94: Evrópuþingið gegn ráði Evrópusambandsins (tilskipun 93/89/EBE um álagningu gjalda á tiltekin ökutæki sem eru notuð til vöruflutninga á vegum og vegatolla og notendagjöld af tilteknum samgöngumannvirkjum í aðildarríkjunum - samráð hafin að nýju við Evrópuþingið).

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 5. júlí 1995 í máli C-46/94 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Police, Bordeaux (Frakklandi): Sakamál á hendur Michèle Voisine (lýsing á vínnum - skilgreining á „merkingu“ - áfest skreyting án skírskotunar til vínsins sem sett er á markað).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 6. júlí 1995 í máli C-62/93 (beiðni um forúrskurð frá Dioikitiko Protodikeio Athinas): BP Supergas Anonimos Etairia Geniki Emporiki-Viomichaniki kai Antiprossopeion gegn Lýðveldinu Grikklandi (túlkun á 11., 17. og 27. gr. sjöttu tilskipunar um virðisaukaskatt - grískt kerfi til að skattleggja jarðólfuvörur - skattskyld upphæð - réttur til frádráttar - undanþága).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 6. júlí 1995 í máli C-470/93 (beiðni um forúrskurð frá Landgericht Köln): Verein gegen Unwesen in Handel und Gewerbe Köln eV gegn Mars GmbH (frjálsir vöruflutningar - aðgerðir sem hafa sambærileg áhrif og magntakmarkanir - kynning á vöru sem kann að takmarka frelsi til að ákveða smásöluverð og villa um fyrir neytendum).

Fyrirmæli dómstólsins (fyrsta deild) frá 28. júní 1995 í máli C-258/94 P: Paulo Branco gegn endurskoðunarrétti Evrópubandalaganna (áfrýjun vísað frá).

Fyrirmæli dómstólsins frá 11. júlí 1995 í máli C-266/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni (vanefnd skuldbindinga - tilskipun 92/44/EBE - röksutt álit - vanræksla á að taka mið af athugasemdum sem aðildarríki lagði fram sem svar við formlegri tilkynningu - máli vísað frá).

Mál C-188/95: Beiðni um forúrskurð frá Østre Landsret samkvæmt fyrirmælum frá 8. júní 1995 í máli Fantask A/S o.fl. gegn Industrieministeriet (Erhvervsministeriet).

Mál C-223/95: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Hamburg samkvæmt fyrirmælum frá 7. júní 1995 í máli A. Moksel AG gegn Hauptzollamt Hamburg-Jonas.

Mál C-224/95: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Pescara - Sezione Distaccata di San Valentino in A.C. samkvæmt fyrirmælum frá 15. desember 1994 í sakamáli á hendur Anselmo Savini.

Mál C-225/95, C-226/95 og C-227/95: Beiðnir um forúrskurð frá Diikitiko Protodikio (stjórnsýsludómstóll á fyrsta dómstigi), Apenu, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 30. mars 1995 í málum A. Kapasakalis, D. Skiathitis og A. Koungas gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-229/95: Beiðni um forúrskurð frá Arbeitsgericht Wiesbaden samkvæmt fyriræmum frá 18. apríl 1995 í máli Simone Moll gegn Berhane Mesghena.

Mál C-231/95: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal Correctionnel, Liège, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 7. júní 1995 í sakamáli á hendur Bent Erik Carlsen, einkaaðili: Georges Vanhalle, sem Président de l'Association Pharmaceutique Belge.

Mál C-234/95: Mál höfðað þann 5. júlí 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-235/95: Beiðni um forúrskurð frá Cour d'Appel de Douai samkvæmt dómi frá 27. janúar 1995, sem var leiðréttur með dómi frá 31. maí 1995 í máli AGS Assedic Pas de Calais gegn François Dumon og Froment, skiptastjóra hjá Etablissements Pierre Gilson.

Mál C-237/95: Mál höfðað þann 6. júlí 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-238/95: Mál höfðað þann 6. júlí 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-239/95: Mál höfðað þann 6. júlí 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-240/95: Beiðni um forúrskurð frá Cour d'Appel de Metz samkvæmt dómi þess dómstóls frá 31. maí 1995 í sakamáli á hendur Rémy Schmit, með skaðabótakröfu af hálfu einkaaðilanna Robert Vergobbio og Salvatore La Mancusa.

Mál C-241/95: Beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Queen's Bench Division, samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 20. júní 1995 í máli The Queen gegn Intervention Board for Agricultural Produce, fyrir hönd: Accrington Beef Co. Ltd o.fl.

Mál C-243/95: Beiðni um forúrskurð frá Labour Court, Dublin, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 5. apríl 1995 í máli Kathleen Hill og Ann Stapleton gegn Revenue Commissioners og Department of Finance.

Mál C-245/95 P: Máli áfrýjað þann 12. júlí 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn dómnum sem kveðinn var upp þann 2. maí 1995 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðju deild) í sameinuðum málum T-163/94 milli NTN Corporation og ráðs Evrópusambandsins og T-165/94 milli Koyo Seiko Co. Ltd og ráðs Evrópusambandsins.

Mál C-442/93 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Juzgado Central de lo Penal de la Audiencia Nacional (Madrid, Spáni)): Sakamál á hendur Rafael Martín Calvo Martincorena.

Mál C-6/95 tekið af málaskrá: (beiðni um forúrskurð frá Schleswig-Holsteinisches Landessozialgericht): Aororita Hansen gegn Bundesanstalt für Arbeit.

Mál C-270/94 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-208/94 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-74/93 og C-75/93 tekin af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn ráði Evrópusambandsins, með stuðningi Konungsríkisins Spáns, Lýðveldisins Frakklands, Evrópuþingsins, Konungsríkisins Hollands, Breska konungsríkisins og Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Mál C-367/92 tekið af málaskrá: Lýðveldið Frakkland gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.



**Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi<sup>(1)</sup> 95/EES/35/21**

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 19. júní 1995 í máli T-107/94: Christina Kik gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (reglugerð (EB) nr. 40/94 um vörumerki bandalagsins - tungumál - máli vísað frá).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 29. júní 1995 í máli T-183/94: Cantina Cooperativa fra Produttori Vitivinicoli di Torre di Mosto o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (landbúnaður - sameiginleg skipulagnin vínmarkaðarins - reglugerð sem snertir umsækjenda beint).

Mál T-129/95: Mál höfðað þann 8. júní 1995 af Neue Maxhütte Stahlwerke GmbH og Lech-Stahlwerke GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-133/95: Mál höfðað þann 20. júní 1995 af International Express Carriers Conference (IECC) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-134/95: Mál höfðað þann 22. júní 1995 af Dysan Magnetics Limited og Review Magnetics (MACAO) Limited gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-136/95: Mál höfðað þann 3. júlí 1995 af Industria del Frío Auxiliar Conservera SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-143/95: Mál höfðað þann 6. júlí 1995 af Werner Haberer gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-221/93 tekið af málaskrá: Volker Wobker gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(1) Sjá Stjórn. EB nr. C 229, 2. 9. 1995.